

# Fundargerð 31. fundar ferðamálaráðs - 28. ágúst 2009

Fundurinn var haldinn í iðnaðarráðuneytinu kl. 8:30.

Mættir: Svanhildur Konráðsdóttir formaður, Anna G. Sverrisdóttir, Dóra Magnúsdóttir, Einar Karl Haraldsson, Jón Ásbergsson, Helgi Már Björgvinsson og Dagur B. Eggertsson.

Einnig áheyrnarfulltrúarnir Ólöf Ýrr Atladóttir og Helga Haraldsdóttir sem ritaði fundargerð. Gunnar Sigurðsson, Sævar Skaptason og Pétur Rafnsson boðuðu forföll.

## 1. Fundargerð síðasta fundar.

Samþykkt.

## 2. Markaðsátak haust 2009.

Iðnaðarráðuneytið, Ferðamálastofa, Reykjavíkuborg og Útlutningsráð munu verja í sameiningu 50 millj. kr. (25+5+10+10) til samstarfs um að kynna Ísland erlendis haustið 2009; um er að ræða þrjú mánuði: október, nóvember og desember. Stefnt er a.m.k. þreföldun þessara upphæðar með mótframlögum frá fyrirtækjum sem hagsmuna eiga að gæta í ferðaþjónustu.

## Ferlið:

Markmið:	-Fjöldi gesta frá tilgreindum markaðssvæðum á tímabilinu október til apríl 2009-2010 verði a.m.k. sá sami og var á sama tímabili 2008-2009. -Tekjur mældar í íslenskum krónum vegna þessara ferðamanna verði a.m.k. 60% hærri en á sama tímabili 08-09, mælt í notkun notkun erlendra kreditkorta hér á landi. -Framlag hins opinbera og einkaaðila til átaksins nemi samtals að lágmarki 150 milljónum króna.
Markaðssvæði:	Fjöldmenn svæði/borgir nærri þeim flugvöllum í Skandinavíu, Bretlandi og Bandaríkjunum sem íslensk félög fljúga til og frá á tímabilinu október 2009 til mars 2010.
Markhópar:	Menntað fólk með meðaltekjur, sem hefur áhuga á menningu, heilsu, Íslendingum, matargerð, sögum, vetri, myrkri, verslun og öðrum þeim þáttum sem í boði eru á Íslandi á þessum tíma árs.
Miðlar:	Dagblöð og Netíð eða annað sem talið er vænlegt til árangurs.
Skilaboð:	-Skýr söluáhersla. -Rétti tíminn til Íslandsferðar. – Hagstætt verðlag - verslun, afþreying, gisting, matur á góðu verði. Griptu tækifærið! -Helgarpakkar, vikupakkar, ferðir í miðri viku – tilboð, leikir, happdrætti.
Fjármögnun:	Iðnaðarráðuneytið, Ferðamálastofa og Útlutningsráð a.m.k. 45 milljónir og samstarfsaðilar úr ferðaþjónustu leggi fram tvöfalt það (a.m.k. 90 milljónir) - samtals a.m.k. 135 milljónir.
Samstarfsaðilar:	Innlend fyrirtæki og aðrir hagsmunaaðilar í ferðaþjónustu hér á landi.
Framkvæmd:	Ferðamálastofa.

Auglýsingar eigi síðar en 8. sept n.k. - ásamt umsóknareyðublaði. Umsóknarfrestur til 18. sept. Niðurstöður 30. sept. Skýrt í auglýsingu hve mikið fé fer á hvert svæði. Valdar þær umsóknir sem telja má að skili mestum árangri. Tekið tillit til:  
Mótframlags umsækjenda í krónum talið  
Raunhæfni fjárhags- og birtingaáætlunar.  
Annarra markaðsaðgerða á sama tíma.  
Nýmæla.

Ferðamálastofa annast umsjón og samningsgerð við samstarfsaðilana.

Ákveðið að auglýsa eins fljótt og auðið er, í síðasta lagi 8. september. Ferðamálaráð fagnaði þessari mikilvægu niðurstöðu.

Þá komu fulltrúar SAF því á framfæri að þar væri unnið að því að fá fleiri aðildarfélög SA til að koma að sérstöku samstarfi um ferðir blaðamanna hingað til lands (pressumsamlag) í samstarfi við Ferðamálastofu og Útflutningsráð.

Fltr. Útflutningsráðs sagði frá markaðshópi sem til stæði að stofna til að efla samstarf og skýra áherslur í markaðsmálum ferðaþjónustunnar.

### **3. Rýnt í tölur sumarsins, - markaðssvæði, gistinætur, tekjur ferðaþjónustufyrirtækja, verslunar o.s.frv.**

Lagðar voru fram tölur frá Ferðamálastofu, Icelandair og SAF. HMB lagði áherslu á að ferðatíðni til viðkomandi staða væri langoftast skýringingin á fjölda ferðamanna. Þá benti DBE á að veiking krónunnar birtist í fleiri ferðamönnum frá evrulöndum en áður. Verslun erlendra ferðamanna hefur aukist gríðarlega. - Miklar umræður spunnust um talnagögn og söfnun þeirra - sjá næsta lið.

### **4. Úttekt á stöðu íslenskrar ferðaþjónustu.**

EKH hóf umræðuna og benti á að aldrei hefði meiri opinberum fjármunum verið varið til ferðamála en á þessu ári. Hins vegar vantaði gögn til að sýna að greinin væri á réttri leið og hvers hún þarfnæðist. Talið barst m.a. að hlutverki Ferðamálastofu, Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála og Hagstofunnar en allir voru sammála um að framhald á vinnu við TSA (hliðarreikningar fyrir ferðaþjónustu/Tourism Satellite Account) væri ferðaþjónustunni lífsnauðsynlegt. Eins vanti upplýsingar um dreifingu ferðamanna. AS stakk upp á því að ársreikningar sem Ferðamálastofa fær vegna ákvörðunar tryggingagjalds yrðu nýttir til gagnaöflunar um stöðu þeirra fyrirtækja. Einnig væri nauðsynlegt að ferðaþjónustan fengi fulltrúa í stjórn Rannís. Niðustaða umræðnanna var sú að formaður og varaformaður færu yfir nauðsynlegar aðgerðir og samræmingu þeirra með ráðuneytinu og kynntu á næsta fundi.

### **5. Önnur mál.**

1. DM lagði fram eftirfarandi ályktun Ferðamálasamtaka Íslands:

Ferðamálasamtök Íslands óska eftir því að koma með beinum hætti að því undirbúnings- og mótunarstarfi sem nú er í gangi vegna stofnunar Íslandsstofu á komandi vetri.

FSÍ hafa undirgengist töluverðar breytingar á liðnum mánuðum.

Í júní var farið í markvissa stefnumótunarvinnu þar sem lagðar voru línur til framtíðar.

FSÍ stefnir að nánú samstarfi við markaðsstofur landshlutanna þar sem verkaskipting

verður skýr. Markaðsstofurnar munu einbeita sér að markaðs- og kynningarmálum en FSÍ stefnir að því að efla samvinnu landshlutanna, styrkja grasrótina í ferðaþjónustu um land allt, efla gæði og menntun í ferðaþjónustu ásamt fleiri þáttum. Þar sem markaðsstofurnar eru víðast hvar í nánú samstarfi eða beinlínis hluti landshlutasamtakanna gerum við ráð fyrir að fulltrúi FSÍ og markaðsstofanna verði ein og sama manneskjan. Með þeim hætti munu sjónarmið, sérþekking og reynsla ferðaþjónustuaðila á landinu öllu skila sér við undirbúning að stofnun Íslandsstofu, sem er ekki lítils virði.

Í ljósi mikilvægi Íslandsstofu fyrir kynningarmál landsins í framtíðinni telur stjórn FSÍ mikilvægt að rödd samtakanna fyrir hönd landshlutanna heyrst með skýrum hætti í starfi Íslandsstofu, bæði áður en hún hefur verið formlega sett á laggirnar sem og eftir stofnun hennar.

Samþykkt var að vísa ályktuninni til verkefnisstjórnar um undirbúning stofnunar Íslandsstofu sem hefur störf í byrjun september n.k.

2. SAF mun halda málþing um funduferðamennsku 10. sept. n.k. og síðan annað um gjaldtökumál í lok september.

3. EKH og DBE sögðu frá sjóði hjá ESB sem opinn væri ríkjum sem ættu í aðildarviðræðum við sambandið (Pre Accession Fund). Utanríkisráðuneytið er gáttin fyrir sjóðinn og þarf væntanlega að fá sérstaka kynningu á möguleikum ferðaþjónustunnar á þessum vettvangi.

4. Almennt spjall um sumarið; verðlagningu, gæðamál, aðstöðu á ferðamannastöðum, opnunartíma, hreinlæti of.l. Sumarið greinilega með þeim allra bestu fyrir greinina en eðlilega að mörgu að hyggja.

Fundi slitið kl. 10:10. Næsti fundur ákveðinn síðar.